

## 15. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

15. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 26. Ágúst 2020 í Huppusal. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir en Benedikt Kristinn Ólafsson forfallaðist á síðustu stundu, ásamt fjallkóngi, Jóni Bjarnasyni. Auk þeirra mættu trússarar, Erla Jóhannsdóttir, Eiríkur Kristófersson, Steinunn Lilja Heiðarsdóttir og Hilmar Jóhannsson ásamt fyrrum trússara, Jóhönnu Bríeti Ingólfssdóttur. Í lok fundar kom Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti.

Dagskrá fundarins:

### 1. Trússarar

- a. Trússarar komu á fundinn til að ræða sín á milli varðandi skipulag við matseðil og innkaup.
- b. Sóttvarnarreglur: aukið hreinlæti s.s. sótthreinsun og spritt sem trússarar sjá um.
- c. Einnota leirtau – skömmtun. Hugmynd sem trússarar ákveða.
- d. Trússarar eru ekki bundnir við að versla á neinum ákveðnum stað fyrir fjallferð. Mælst til að versla þar sem er hagkvæmasta verðið.

### 2. COVID reglur

- a. Leiðbeiningar og reglur varðandi fjallferð og réttir fékk samþykki sveitarstjórnar. Sá snepill fer í póst ásamt leitarseðli á morgun.

### 3. Fjallferð

- a. Suðurleit – 20 manns. Austureit – 9 manns. Norðurleit – 10 manns.
- b. Hver og einn fjallmaður ber ábyrgð á sér og reynir eftir bestu getu að fylgja fjarlægðar og sóttvarnarreglum.
- c. Engum öðrum en fjallmönnum er heimilt að vera í fjallferð, s.s. skálum.

### 4. Réttir

- a. Einungis fjallmenn og fjáreigendur hafa heimild til þess að koma í réttir. Auk þess fær hver bær 1 fulltrúa fyrir hverjar 60 kindur sem fóru í afréttinn.
  - i. Börn fædd 2005 og síðar er velkomið að koma í réttir svo framarlega sem foreldri/forráðamaður sé í réttunum.
- b. Mikilvægt er að allir þeir sem hafa aðgang í réttarstörf séu mættir klukkan 9 á föstudagsmorgninum til að aðstoða við að reka safnið úr Launfit.

Fundi slitið klukkan 22:30